

Fordómar

Á næstunni munu birtast í Morgunblaðinu fræðsluþættir um geðvernd frá samtökunum Geðhjálp og fer sá fyrsti hér á eftir:

Geðsjúklingar eru sá hópur öryrkja sem búa við hvað mesta fordóma. Við í Geðhjálp höfum velt því fyrir okkur hvers vegna. Okkar skoðun er sú að ástæðan sé þekkingarskortur.

Mikil leynd hefur hvílt yfir geðsjúkdómum. Hvað er geð og hvað er sál? Hvað eru geðsjúkdómar og hvað eru geðræn vandamál? Það er svo ótal margt sem flokkast undir geð. Í mynd okkar er geðveikur maður eins og við höfum séð hann í bíó, hann þarf að vera í spennitreyju og froðufellir... Þið kannist við þetta. Auðvitað er þetta misskilningur og er leitt til þess að vita að veikt fólk skuli vera notað sem skemmtiefni fyrir okkur sem erum svo heppin að vera ófötlud.

Geðsjúklingar eru alls staðar á meðal okkar í þjóðfélaginu, því með tilkomu nýrra lyfja er hægt að halda ýmsum tegundum geðsjúkdóma niðri. Því getur sjúklingur lifað eðlilegu lífi ef hann tekur inn lyfin sín.

Geðsjúklingar hafa sagt að þegar þeir reyna að segja frá því á vinnustað að þeir hafi verið á geðveikrahæli, þá sé allt í fari þeirra skyndilega gagnrýnisvert. Jafnvel það sem heilbrigðum finnst eðlilegt og sjálfsagt. Þeir mega ekki

reidast eða hækka röddina, þá fara starfsfélagar strax í varnarstöðu og hræðsla skín úr augum þeirra. Við biðjum ófatlaða að líta í spegil næst þegar þeir reidast, við erum hrædd um að einhverjum bregði í brún.

Í kröfugerðarþjóðfélagi eins og okkar er ekki nema von þótt eitthvað láti undan. Einstaklingar eru misvel undir það búnir að takast á við þá miklu hörku sem þarf til að halda andlegri ró. Nú biðjum við hvern þann er les þennan pistil að líta í eigin barm og athuga hvort hann kannast ekki við eitthvert af eftirfarandi einkenum: Kvíða, ótta, hryggð, svefnleysi, spennu, þráhyggju, þreytu og verki. Fólk með þessi einkenni leitar í stórum stíl til geðsjúkrahúsanna í von um hjálp og er þar af leiðandi flokkað undir geðveika. En vissulega er það ekki geðveikt, heldur á það við geðræn vandamál að stríða.

Aðallega leitar þetta fólk á þrjá stadi sér til hjálpar, Kleppsspítala, geðdeild Borgarspítalans og geðdeild Landspítalans. Við skyldum ætla að það ætti ekki að skipta máli á hvern staðinn fólk leitar hjálpar, en því miður er ekki svo. Fólk sem leitar hjálpar á

Kleppsspítala og hefur jafnvel þurft að liggja þar inni hefur sagt okkur að það hafi hreinlega misst æruna við að vera þar. Hér koma fram miklir fordómar, og virðist skilningur lítið hafa aukist á þessum málum því enn hefur heitið Kleppur á sér fordæmingarbrag.

Fólk sem leitar til þessara stofnana vegna sjúkdóma sinna og vandamála mætir oftast tortryggni í stað þess skilnings og þeirrar hjálpar sem sjálfsagt er talið að veita fólki með annars konar sjúkdóma. Ár aldraðra er nú gengið í garð. Skyldum við þegja um elligeðveiki á því ári? Á ári fatlaðra var ekkert rætt um geðsjúkdóma og geðræn vandamál, sem eru þó algengasta ástæðan fyrir fötlun. Gæti ástæðan fyrir þessari þögn verið fordómar? Það kæmi okkur í Geðhjálp ekki á óvart.

Við biðjum ykkur að setja ykkur í spor foreldra sem eiga geðveik börn, afa og ömmu sem eiga við elligeðveiki að stríða, ungra og aldinna er eiga í erfðileikum vegna geðrænna vandamála. Sýnum þessu fólki skilning í stað þess að notfæra okkur það sem skemmtiefni.